



Skýrsla um banaslys í umferðinni

Mál nr.: **2016-128U019**


Dagsetning: **14. október 2016**

Staðsetning: **Hlíðarvegur, Ólafsfirði**

Atvik: **Ökumaður kramdist milli stafs og hurðar á bifreið sinni.**

Rannsókn samkvæmt lögum nr. 18/2013 skal eingöngu miða að því að leiða í ljós orsakir samgönguslysa og samgönguatvika, en ekki að skipta sök eða ábyrgð, með það að markmiði að draga úr hættu á sams konar slysum og atvikum og afleiðingum sambærilegra slysa. Skýrslum rannsóknarnefndar um rannsókn einstakra slysa og atvika skal ekki beitt sem sönnunargögnum í dómsmálum.

Staðsetning

**Látin(n):**

74 ára karlmaður

Veður og birta:

Purrt, 5°C, lítill vindur og rökkur

Vegur:

Bundið slitlag. Purrt yfirborð. Hámarkshraði 35 km/klst.

Tími sólarhrings:

07:11

Ökutæki:

Hyundai Santa Fe, árgerð 2006

Samantekt

Snemma morguns hinn 14. október 2016 var maður að bera út blöð á bifreið sinni. Hafði hann stöðvað bifreiðina og stigið út en hún rann síðan af stað. Hann klemmdist milli stafs og hurðar þegar hann var að reyna að stöðva bifreiðina. Ökumaðurinn lést af völdum áverka sem hann hlaut í slysinu.

Lýsing á slysi

Snemma að morgni föstudagsins 14. október 2016 stöðvaði ökumaður bifreið sína er hann var að bera út dagblöð á Hlíðarvegi á Ólafsfirði. Hann hafði stigið út úr bifreiðinni, skilið hana eftir í gangi án þess að setja hana í handbremsu eða stöðugir (P). Bifreiðin var sjálfskipt. Þar sem bifreiðin stóð hallaði vegurinn niður og rann hún af stað. Svo virðist af ummerkjum að dæma og framburði vitna að ökumaðurinn hafi hlaupið á eftir bifreiðinni og teygt sig inn um öikumannshurð til að stöðva bifreiðina. Bifreiðin rann upp á gangstétt og klemmdist maðurinn á milli hurðar og hurðarstafs þegar bifreiðin rann á 45 cm háan steiptan garðvegg. Bifreiðin rann sennilega um 40 metra áður en hún stöðvaðist á garðveggnum. Ásamt ökumanni var einn farþegi í bifreiðinni. Hann sakaði ekki í slysinu.



Mynd 1: Mynd tekin í akstursátt bifreiðarinnar af vettvangi slyssins.

Áverkar

Ökumaðurinn hlaut banvæna brjóstholasáverka í slysinu.

Ökutækið og hraði

Bifreiðin var af gerðinni Hyundai Santa Fe, árgerð 2006. Við skoðun á bifreiðinni kom ekkert í ljós sem skýrt gæti orsök slyssins. Hemlar og stýrisbúnaður voru í lagi sem og gírskipting. Bifreiðin rann á lítilli ferð niður götuna og upp á gangstétt.



Mynd 2: Bifreiðin þar sem hún stöðvaðist upp við garðvegginn. Þarna er búið að lyfta henni, opna hurðina og losa ökumanninn.

Vegur og umhverfi

Gatan er bein en hallar niður til norð-austurs. Engin hús eru fjallshlíðarmegin götunnar á þessum stað, en einbýlishús eru sjávarmegin. Steyptur, u.þ.b. 45 cm hár veggur aðskilur gangstéttir og garða við götuna þar sem slysið átti sér stað.

Áfengis- og lyfjaprófanir

Niðurstaða áfengis- og lyfjarannsóknar var neikvæð á ökumanni bifreiðarinnar.

Orsakagreining

- Ökumaður gleymdi að setja bifreið sína í stöðugír og handbremsu
- Ökumaður reyndi að komast inn í bifreið á ferð

Ábending

Rannsóknarnefnd samgönguslysa bendir á nauðsyn þess að skilja við ökutæki á öruggan hátt, jafnvel þó til skamms tíma sé. Ökumenn þurfa ávallt að tryggja að ekki sé hætt á að ökutæki renni af stað með því að setja í fyrsta eða afturábak gír eftir veghalla ef um beinskiptan bifreið er að ræða en stöðugír (P) ef bifreiðin er sjálfskipt, drepa á vélinni og setja handbremsu á.

Skýrsluna samþykkja:

Geirþrúður Alfreðsdóttir
Ásdís J. Rafnar
Brynjólfur Mogensen
Guðmundur Freyr Úlfarsson
Inga Hersteinsdóttir

Fyrir hönd Rannsóknarnefndar samgönguslysa

Sævar Helgi Lárusson
Stjórnandi rannsóknar

Reykjavík 19. júní 2017

Rannsóknarnefnd samgönguslysa